



Fundur háskólaráðs 10. febrúar 2005

Fundargerð

Málsnúmer: HI05010007
Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir,
dagskrár og framlögð gögn
Eigandi skjals: Kolbrún Einarsdóttir
Staða: Lokið

Dagsetningar:

Búið til: 04.02.2005
Dags: 10.02.2005

Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands, Aðalbygging (600169-2039)
101 REYKJAVÍK
Sími: 525 4000; 525 4300
Fax: 552 1331

02/2005

HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2005, fimmtudaginn 10. febrúar var haldinn fundur í háskólaráði sem hófst kl. 13.00.

Mætt voru: Páll Skúlason, Vilhjálmur Árnason, Anna Pála Sverrisdóttir, Inga Jóna Þórðardóttir, Heiðdís Halla Bjarnadóttir (varam. Bryndísar Harðardóttur), Jón Ó. Skarphéðinsson, Eiríkur Tómasson, Matthías Imsland, Jóhannes R. Sveinsson og Rögnvaldur Ólafsson.

1. Mál til fróðleiks

1.1 Sameiginleg viljayfirlýsing formanns stjórnar Háskólasjóðs Eimskipafélags Íslands og rektors Háskóla Íslands 9. febrúar 2005.

- Háskólaráð lýsir mikilli ánægju með þennan merka áfanga í starfi Háskóla Íslands.

1.2 Dagskrá 16. háskólafundar 18. febrúar 2005.

1.3 Málafni siðanefndar og siðareglur Háskólans.

Rektor greindi frá því að hann muni óska eftir því við háskólafund að hann taki siðareglur Háskóla Íslands til athugunar.

2. Erindi til háskólaráðs

2.1 Skipan stjórnar Stofnunar Sigurðar Nordals.

Samþykkt einróma að skipa stjórn Stofnunar Sigurðar Nordals til næstu þriggja ára sem hér segir: Aðalmenn samkvæmt tilnefningu hugvísindadeildar: Már Jónsson, prófessor, og Sigríður Þorvaldsdóttir, aðjunkt. Varamenn: Margrét Jónsdóttir, dósent, og Guðmundur Hálfðanarson, prófessor. Aðalmaður skv. tilnefningu rektors og jafnframt formaður stjórnar: Ingimundur Sigfússon, fyrrverandi sendiherra. Varamaður: Kristín Ástgeirsdóttir, sagnfræðingur.

2.3 Tillaga starfshóps háskólaráðs, sem skipaður var á fundi ráðsins 9. desember sl., að afgreiðsla tveggja tengdra tillagna Lagastofnunar H.Í.:

a) Tillögu að breytingu á 4. tölul. 27. gr. sameiginlegra reglna Háskólans nr. 458/2000 um þjónusturannsóknir á vegum rannsóknastofnana deilda. Minnisblað akademískrar stjórnarsýslu lagt fram á fundi ráðsins 4. nóvember sl., sbr. umræður á fundi ráðsins 21. október.

b) Samþykkt Lagastofnunar H.Í. um þjónusturannsóknir.
Rektor gerði grein fyrir málinu og var það rætt.
- Frestað

- 2.4 Tillaga að verklagsreglum um skrásetningargjald, sbr. fund ráðsins 16. desember sl.
- Þórður Kristinsson gerði grein fyrir málinu.
- 2.5 Aðhald með inntöku stúdenta, skráningum o.fl. háskólaárið 2005 – 2006.
- Þórður Kristinsson gerði grein fyrir málinu.
- 2.6 Tillaga um að Stúdentadagurinn verði föstudaginn 9. september 2005
- Háskólaráð mælist til þess að kennsluleyfi sé veitt eftir hádegi föstudaginn 9. september 2005.
- 2.7 Erindi frá læknadeild um tímabundna ráðningu án auglýsingar, dags. 1. febrúar 2005.
Rektor gerði grein fyrir málinu og var það rætt.
- Frestað.
- 2.8 Undirbúningsfélag um stofnun Tilraunahúss, erindi frá rektor.
Rektor gerði grein fyrir málinu og var það rætt
- Samþykkt einróma að fela rektor að fylgja málinu eftir.
- 2.9 Málafni Halldórsstaða og Herdísarvíkur.
Rektor gerði grein fyrir málinu.
-Samþykkt einróma að Rögnvaldur Ólafsson, Inga Jóna Þórðardóttir, Jón Ó. Skarphéðinsson, Matthías Imsland og Vilhjálmur Árnason fari yfir málafni þessara eigna Háskólans á landsbyggðinni. Með hópnum starfi Tryggvi Þórhallsson lögfræðingur.

3. Mál á auglýstri dagskrá

- 3.1 Tillögur deilda um fyrirhugaða fjöldatakmörkun háskólárið 2005 –2006, sbr. síðasta fund. Borist hafði rökstuðningur fyrir tillögu hjúkrunarfræðideildar.
- Samþykkt einróma.
- 3.2 Drög að verklagsreglum um námsleyfi og orlof annarra en kennara og sérfræðinga, sbr. síðasta fund.
- Málið var rætt og samþykkt einróma að vísa regludrögum til samráðsnefndar um kjaramál til umsagnar.
- 3.3 Fjárveitingar til stofnana og verkefna, sbr. síðasta fund;
- Sjávarútvegsstofnun
- Umhverfisstofnun
- Siðfræðistofnun
- Alþjóðamálastofnun
- Rannsóknastofa um mannlegt atferli.
- Frestað
- 3.4 Drög að reglum um Stofnun um sjálfbæra þróun og vettvang þverfaglegra rannsókna, sbr. síðasta fund.
- Málið var rætt og því frestað.
- 3.5 Drög að reglum um skipan þverfaglegs meistaranáms í umhverfis- og auðlindafræðum, sbr. síðasta fund. Fram lögð drög að samningi deilda, sbr. 3. gr.

regludraga.

- Frestað.

3.6 Stjórnsýslukæra vegna ákvörðunar hjúkrunarfræðideildar 22. desember sl. í máli nemanda, sbr. síðasta fund. Lögð fram drög að úrskurði háskólaráðs. Jón Ó.

Skarphéðinsson vék af fundi undir þessum dagskrárlið.

- Eiríkur Tómasson gerði grein fyrir málinu og fram lögðum gögnum og var það rætt ítarlega.

- Samþykkt samhljóða að staðfesta þá ákvörðun deildarforseta hjúkrunarfræðideildar að vísa kæranda úr prófi í námskeiðinu *Lífefnafræði H* sem fram fór 13. desember sl. Háskólaráð beinir þeim tilmælum til kennslusviðs að skerpt verði á framkvæmd prófreglna fyrir næsta prófatímabil. Fulltrúar stúdenta sátu hjá við afgreiðslu málsins.

3.7 Nýr hönnunarstaðall fyrir Háskóla Íslands.

Guðrún Bachmann kom inn á fundinn og gerði grein fyrir nýjum hönnunarstaðli Háskólans.

Fleira var ekki gert.
Fundir slitið kl. 16:05